

Mánudaginn 6. desember 1965.

Nr. 132/1965. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Magnúsi Einarssyni

(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarrar Hæstaréttar.

Líkamsáverkar. Ákæra um brot gegn 218. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Starfsskyldur ákærða voru meðal annars að gæta reglu í veitingahúsinu og sjá um, að ölvað fólk fengi ekki inn- gang. Sannað er, að kærandi, Össur Ásgeir Halldór Jóns- son, og eiginkona hans voru ölvuð, þegar ákærði synjaði þeim inngöngu í veitingahúsið. Hefur kærandi borið, að hann hafi „ýtt fast á dyravörðinn með öxlinni og ætlaði að pressa sig inn“. Kveðst vitni þetta ekki geta borið um, hvort ákærði „beinlinis tók á því með gripi eða hvort hann eingöngu stjakaði við því með opnum lófa“. Leggja verður til grundvallar framburð ákærða, sem studdur er af vætti vitnisins Björgvins Lútherssonar, um það, að ákærði hafi ýtt kæranda frá dyrunum með hægra handarbaki. Ákærði þurfti að hleypa inn gestum og loka dyrunum. Þetta starf gat ákærði ekki rækt, nema með því að bægja kæranda frá dyrunum. Eins og atvikum var háttað, en þeim er lýst í héraðsdómi, þykir varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi stjakað það hart við kæranda, að hann verði talinn hafa gerzt offari í þeim aðgerðum. Þykir því bresta sann- anir fyrir refsiverðri sök ákærða. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæsta- rétti ber að leggja á ríkissjóð, þar með talin málsvarnar- laun skipaðs verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðast samtals kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Einarsson, á að vera sýkn af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

S é r a t k v æ ð i

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Hinn 12. október 1963, milli kl. 2000 og 2100, kom Össur Ásgeir Halldór Jónsson ásamt konu sinni úr vinblöndubóði að veitingastaðnum Klúbbnum, þar sem þau hjónin höfðu mælt sér mót með kunningjum sínum, pantað borð og hugðust eta kveldverð. Ákærði var þarna við dyravörzlu. Synjaði hann Össuri Ásgeiri inngöngu vegna ölvunar. Össur Ásgeir fór eigi burt, heldur þræbað ákærða um leyfi til inngöngu og reyndi að smokra sér inn með gestum, sem hleypt var inn í húsið, en var varnað þess af ákærða.

Er þessu hafði fram gengið um allanga stund, leiddist ákærða þófið, setti hönd sína á brjóst Össuri Ásgeiri, sem var að reyna að troða sér inn, og hrinti honum aftur á bak, þannig að Össur Ásgeir féll aftur yfir sig niður af tveggja þrepa palli, sem er framan við dyr veitingahússins. Tók Össur Ásgeir konu sína með sér í fallinu.

Við fallið hlaut Össur Ásgeir brot á vinstra ökla með liðhlaupi og svo sköddun á liðböndum.

Ákærða var að vísu rétt að aftra Össuri Ásgeiri, slævðum af víni, inngöngu í veitingahúsið. Ákærði varð samt offari, þá er hann hrinti Össuri Ásgeiri aftur á bak af svo miklu afli, að hann þeyttist aftur yfir sig af pallinum og hlaut af lemstur. Afleiðing verks þessa varðar ákærða við 218. gr. laga nr. 19/1940. En þar sem ákærði var þarna við dyragæzlu og Össur Ásgeir þrengdi nokkuð að honum, þykir rétt samkvæmt 1. tl. og síðustu málgr. 74. gr. laga nr. 19/1940 að fella refsingu ákærða niður.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknar-laun til ríkissjóðs í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Refsing ákærða, Magnúsar Einarssonar, fellur niður.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknar-laun í ríkissjóð bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, og laun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmans, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. janúar 1965.

Ár 1965, föstudaginn 22. janúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 629/1965: Ákærvaldið gegn Magnúsi Einarssyni, sem tekið var til dóms 7. þ. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 7. nóvember 1964, höfðað gegn ákærða, Magnúsi Einarssyni lögreglumanni, Mávahlíð 3, hér í borg, fyrir að hafa, um kl. 2045 laugardagskvöldið 12. október 1963, sem dyravörður í veitingahúsinu Klúbbnum í Reykjavík, hrint Össuri Ásgeiri Halldóri Jónssyni teppalagningarmanni, Hólmgarði 40 í Reykjavík, svo frá dyrum nefnds veitingahúss, er hann leitaði þar eftir inngöngu, að hann féll aftur fyrir sig niður af tveggja þrepa palli og hlaut af brot á vinstri ökla með liðhlaupi svo og sköddun á liðböndum og var lengi frá verkum.

Telst þetta varða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 3. janúar 1937 í Reykjavík.

Sakavottorð hans hljóðar svo:

1955 3/10 Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar.

— 24/10 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum og lögreglusamþykkt.

1956 14/2 Rvík: Áminning fyrir brot á 26. gr. bifreiðalaga.

Málsatvik eru þessi:

Laugardaginn 12. október 1963, klukkan 2045, var hringt á lögreglustöðina í Reykjavík og óskað aðstoðar að veitingastaðnum Klúbbnum. Fóru þrír lögreglumenn á staðinn og vísuðu þaðan Össuri Ásgeiri Halldóri Jónssyni og konu hans, að ósk dyravarðar hússins, ákærða í máli þessu. Virtist lögreglumönnum sem Össur Ásgeir Halldór væri úr öklalið og fluttu hann því á Slysavarðstofu Reykjavíkur til aðgerðar og athugunar. Samkvæmt vottorði Slysavarðstofunnar var komið með hann þangað klukkan 2100.

Fimmtudaginn næsta á eftir kærði nefndur Össur Ásgeir Halldór Jónsson teppalagningarmaður, fæddur 25. desember 1914, til rannsóknarlögreglu yfir því, að hann væri fótbrottinn af völdum ákærða, sem hefði hrundið sér. Tók rannsóknarlögreglan samdægurs skýrslu af kæranda, og hinn 29. júní 1964 kom hann fyrir dóm sem vitni. Var frásögn kæranda á þá leið, að hann hefði verið í síðdegisboði ásamt konu sinni laugardaginn 12. október 1963 og drukkið þar þrjú glös af „cocktail“. Í boðinu hittu þau önnur hjón, þeim áður ókunn, og varð úr, að þau færu öll saman á veitingastaðinn Klúbbinn, en kærandi og kona hans höfðu áður mælt sér mót þar við nokkra kunningja sína til kvöldverðar. Taldi kærandi, að komið hafi verið á veitingastaðinn á milli klukkan 2030 og 2100. Um leið og kærandi gekk upp útidyratröppur veitingastaðarins, kvaðst hann hafa tekið eitthvert bakslag, og taldi hann, að ákærði, sem þarna var við dyravörzlu, hefði af þeim sökum neitað sér um inngöngu sakir ölvunar, enda þótt hann hefði þá alls ekki verið áberandi ölv-aður. Hin hjónin hverfa fljótlega á brott, en þau kærandi og kona hans vildu reyna frekar til að komast í kvöldverðinn með kunningjafólki sínu. Sagði kærandi, að ákærði hefði lokað útidyrhurðinni, eftir að honum var neitað inngöngu, en fljótlega komu að fleiri gestir, og var þá opnað. Kvaðst ákærði hafa verið fremst í hópnum og ítrekað ósk sína um að fá að komast inn eða hafa tal af kunningjafólki sínu og jafnframt reynt að ýta sér inn með því að berast með straumnum, enda fast verið ýtt aftan á hann af hinum gestunum. Setti dyravörðurinn kæranda þá til hliðar, og var það gert illindalaust. Samtímis sagði kærandi, að einhver inni í gangi veitingastaðarins hefði hrópað, „á hvaða nafni“ borð hans væri, en það vissi kærandi ekki, enda bað hann ekki um borðið sjálfur. Hjá rannsóknarlögreglu skýrði kærandi svo frá, að hann hefði í þessu talið sig sjá einn úr

kunningjahópnum og því ýtt fast á dyravörðinn með öxlinni og ætlað að pressa sig inn til þess að ná sambandi við manninn. Dyravörðurinn hefði þá tekið framan í brjóstið á honum, hent honum aftur á bak og kastið verið svo mikið á honum, að hann hefði lent á konu sinni, sem hálffél undir hann, en sjálfur hefði hann dottið til hliðar og aftur á bak niður úr tröppunum. Rétt í þessu kom lögreglubifreið og flutti hann beint á Slysavarðstofu. Fyrir dómi sagði kærandi, að á meðan samræðurnar um, hver hefði beðið um borðið, stóðu yfir, hefðu hinir gestirnir farið inn í húsið, en þegar hann ætlaði að fara að rifja upp nöfn þeirra, sem gætu hafa verið skrifuð fyrir borðinu, hefði ákærði hrint honum aftur á bak með annarri hendinni, og gat hann ekki borið um, hvorri hendinni hann beitti fyrir sig né hvort ákærði hefði beinlínis tekið á honum með gripi eða einasta stjakað við honum með opnum lófa. Kvaðst kærandi hafa hrökklazt aftur á bak af pallinum og í því borið fót fyrir sig, og muni hann hafa skolið utan í tröppuna, enda jafnframt fundið til mikils sársauka í fætinum. Þar sem ferðin hefði verið svo mikil á sér, sagðist kærandi aftur hafa borið fyrir sig meidda fótinn niður á stéttina. Sagði kærandi, að kona hans hefði staðið skáhallt og til hliðar fyrir aftan sig, og muni hann hafa gripið til hennar í fallinu. Kærandi kvaðst hafa hafnað á stéttinni fyrir neðan tröppurnar, endilangur og aftur á bak, en eiginkona hans við hlið hans, og muni aðeins annar handleggur hennar hafa lent undir honum, en konan hins vegar ekki lent ofan á honum. Kærandi sagðist hafa reiðzt við fallið, en áður en honum var hrint, hafði ekki verið um nein illindi eða átök að ræða milli hans og ákærða, nema ef telja skyldi þann „þrýsting“, þegar ákærði lét hann til hliðar, um leið og fólkinu var hleypt inn.

Eiginkona kæranda, Helga Stella Guðmundsdóttir, skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglu, að þau hjón hefðu ekki verið mikið undir áhrifum áfengis, og taldi, að ekki hefðu sézt áfengisáhrif á kæranda, en hins vegar hefði hann tekið bakfall, um leið og hann gekk upp tröppurnar, svo að ákærði sagði, að þetta fólk færi ekki inn eða eitthvað í þá átt. Hin hjónin fengu þó heimild til inngöngu, og fór maðurinn inn í húsið um stund, en síðan hurfu þau á brott. Þeim kæranda og vitninu þótti hins vegar ekki sanngjarnt að vera neitað um inngöngu og biðu, þar til næst var hleypt inn, en gengu þá upp að dyrunum. Kvaðst vitnið hafa staðið aðeins til hliðar við dyrnar og minnti, að það væri þá aðeins fyrir aftan og til hliðar við kæranda.

Sagðist vitnið ekki hafa vitað fyrr til en einhver slinkur hefði komið á það og það henzt niður af pallinum ásamt kæranda. Hélt vitnið, að hann hefði frekar lent ofan á því en það ofan á honum. Að minnsta kosti hefðu bæði fallið, en ekki vissi vitnið, hvernig á því stóð, að þau dattu, fannst eins og einhver þrýstingur kæmi á það, en tók ekki eftir, hvort gripið væri í það. Sagðist vitnið strax hafa orðið vart við, að kærandi væri slasaður á fæti. Vitnið kvaðst hafa verið marið hér og þar á líkamanum eftir fallið. Ekki mundi vitnið, hvort þau hefðu verið búin að ganga einu sinni að hurðinni og banka, áður en þetta gerðist og frá því, að þau reyndu fyrst að fara inn. Fyrir dómi bar vitni þetta, að það hefði einu sinni bankað árangurslaust á útdyrnar. Þar greindi vitnið einnig svo frá, að það hefði fallið kylliflatt aftur á bak við hlið kæranda og aðeins hægri handleggur þess verið undir líkama mannsins. Um það bil sem vitnið var að standa á fætur, heyrði það einhvern segja fyrir aftan sig: „hvers slags aðfarir eru þetta eiginlega“, og hélt, að vitnið Björgvin Lúthersson hefði mælt þessi orð. Vitnið kvað nafngreinda konu, sem komið hefði þarna að eftir slysið, hafa sagt því síðar, að hún hefði heyrt nefndan Björgvin ávíta ákærða fyrir meðferðina á fólkinu, en ekki voru atriði þessi borin undir vitnið Björgvin né nefnda konu.

Ákærði var yfirheyrður af rannsóknarlögreglu hinn 22. októbar 1963. Skýrði hann svo frá, að hann hefði verið við dyravörzlu veitingastaðarins ásamt vitninu Björgvini, er kærandi kom þangað ásamt konu sinni og öðrum hjónum greint kvöld, klukkan um 2015. Neitaði ákærði kæranda og konu hans um inngöngu, þar sem hann taldi þau ölvuð, en sagði hinum hjónum um frjálst að koma inn, og fór maðurinn inn nokkra stund.

Á meðan kvað ákærði ölvaða fólkið hafa verið að reyna að komast inn og eins eftir að samferðamaður þess kom út aftur, en ákærði sagðist hafa haldið honum frá dyrunum og boðizt til að útvega því bifreið. Þegar allsgáðu hjónin fóru, kvað ákærði sér hafa verið farið að leiðast þófið, og því farið og hringt á lögreglu. Um stund var hurðin lokuð, og engir gestir komu að, en á meðan bankaði hið ölvaða fólk á hurðina. Þegar gestir komu næst, opnuðu þeir ákærði og vitnið Björgvin og stóðu hvor sínum megin við dyrnar. Kom þá kona kæranda að dyrunum og hann fyrir aftan hana. Sagði ákærði, að þannig hagaði til, að hurðin opnaðist alveg út, innan á henni væri slá, fest á ská, og hefði konan tekið hægri hendi um slána og kærandi

haldið efst um hana með sömu hendi. Ákærði sagði, að pallurinn fyrir framan dyrnar væri mjög stuttur og næði ekki nema skammt út fyrir hurðina, þegar hún væri upp á gátt, en þar fyrir neðan voru tvær tröppur niður á hellulagða stétt. Þegar gestirnir voru að koma að dyrunum, kvaðst ákærði hafa beðið hið ölvaða fólk að fara frá, en það hlýddi því ekki, svo að ákærði setti hægri hönd á brjóstið á ákærða og ýtti honum frá, en hann missti þá jafnvægið, féll aftur fyrir sig og greip í konuna um leið með vinstri hendi (þannig í lögregluskýrslu), en hún missti einnig við það jafnvægið og datt ofan á manninn niður á hellulagða pallinn og kom með sitjandann niður á fæturna á honum. Vitnið Björgvin hefði þá strax farið út og ætlað að hjálpa kæranda á fætur, en hann ekki viljað þiggja hjálpina, staðið sjálfur upp án hjálpar, hoppað á öðrum fæti og sagzt hafa farið úr liði, en ákærði kvaðst ekki hafa tekið mark á þessu, þar sem hann vildi ekki þýðast aðstoðina. Kom lögreglan svo og fór með kæranda. Ákærði sagði, að sér hefði þótt ákaflega leiðinlegt, að þetta skyldi hafa komið fyrir, því að meiningin hefði ekki verið að meiða manninn, enda höfðu engin illindi átt sér stað, og taldi, að þetta hefði verið hrein slysin, sem stafað hefði af ölvunarástandi mannsins. Fyrir dómi þar ákærði, að kærandi og kona hans hefðu verið nokkuð mikið áberandi undir áhrifum áfengis. Sagðist ákærði hafa tekið eftir því, strax og kærandi kom út úr þifreiðinni, að hann reikaði í spori, og í fyrri útidyratröppunni tók hann „bakslag“, einnig var hann ör í fasi. Að áliti ákærða var konan ekki eins áberandi undir áfengisáhrifum, reikaði þó lítillega, en var stilltari í fasi. Sagði ákærði, að kærandi hefði ekki viljað fara að tilmælum samferðamanns síns að fara brott, þvert á móti haft á orði, að hann skyldi komast inn í veitingasali hússins, hvernig svo sem hann færi að því. Gizkaði ákærði á, að kærandi hefði dvalið við dyrnar um 25 mínútur, áður en hann gerði lögreglu aðvart. Sökum anna taldi hann, að það hefði dregizt í 12—14 mínútur, að lögreglan komst á vettvang. Á meðan og skömmu fyrir komu lögreglunnar vildi óhappið til. Þessi tímamörk ákærða fá vart samrýmt þeim tímum, sem greindir eru á lögregluskýrslu og vottorði Slysavarðstofu, en samkvæmt þeim gögnum var fyrst óskað aðstoðar lögreglu klukkan 2045, en komið með kæranda á Slysavarðstofu klukkan 2100. Þegar óhappið átti sér stað, sagði ákærði, að kærandi muni hafa staðið fyrir miðjum dyrum, konan vestan við hann, bæði staðið tæpt, en

maðurinn þó öllu utar. Kveðst ákærði hafa ýtt honum frá dyr-
unum með handarbakinu, þannig að hann féll aftur á bak, eða
öllu heldur hörfaði aftur á bak, en er hann reyndi að bera
fyrir sig fæturna, þá steig hann út af pallinum og missti við
það jafnvægið. Um leið sleppti kærandi takinu á hurðarslánni,
greip með sömu hendi í konu sína, tók hana með sér í fallinu,
og dattu þau bæði aftur á bak á stéttina fyrir neðan tröppurnar,
og kom konan ofan á manninn. Staðhæfði ákærði, að ekki hefði
verið um handalögmál eða átök að ræða fyrir óhappið, nema
ef telja skyldi, að kærandi greip jafnan um handlegg ákærða, er
honum var ýtt frá. Minntist ákærði þess ekki, að kærandi hefði
verið með nein skammaryrði, þótt hann væri hávær og nokkuð
mikið ör eða æstur. Sagði ákærði, að honum hefði aldrei runnið
í skap við manninn.

Framburður vitnisins Björgvins Lútherssonar, sem annaðist
dyravörzlu veitingastaðarins ásamt ákærða, var á þá lund hjá
rannsóknarlögreglu, að það hefði komið að útidyrnunum ein-
hvern tíma „upp úr“ kl. 2000, þá verið bankað, og lauk vitnið
upp hurðinni. Skipti þá engu, að kærandi og kona hans réðust
að vitninu og ætluðu að koma sér inn. Virtist vitninu þau vera
undir áhrifum áfengis og hafði áður fregnað, að ákærði hefði
neitað þeim um inngöngu. Vitnið hleypti öðrum gestum inn og
sagði jafnframt við ákærða, að hringja yrði á lögreglu til að
fjarlægja fólkið frá dyrunum. Sagði vitnið, að ákærði hefði
farið til að hringja, en það verið að hleypa inn á meðan, og í
hvert skipti, sem opnað var, hefði fólk þetta komið og viljað
fara inn. Þegar ákærði kom aftur, voru gestir að streyma inn,
en kærandi ágerðist með að reyna að troða sér inn í hvert sinn,
sem opnað var. Í eitt skiptið kom nokkuð stór hópur að dyr-
unum, og kvaðst vitnið þá hafa haldið hurðinni opinni, til vinstri,
hjónin strax komið og viljað inn, ákærði ætlað að halda þeim
frá sér til hægri og ýtt við manninum frá dyrunum, en hann
missti þá jafnvægið og datt aftur á bak, greip í konu sína um
leið, svo að hún datt ofan á hann niður á stéttina. Kvaðst vitnið
hafa farið til að hjálpa honum á fætur, hann ekki viljað þýðast
það, en einhver maður komið og reist hann upp. Vitnið sagðist
hafa reynt að koma kæranda í leigubifreið á Slysavarðstofu,
en hann viljað bíða eftir lögreglu, sem kom að í sama mund.
Kvaðst vitnið ekki hafa vitað til, að kærandi hefði farið að
dyrunum, eftir að honum var hjálpað á fætur, og ekki mundi
vitnið, hvort kærandi heimtaði að fá að fara inn eftir það. Fyrir

dómi bar vitnið Björgvin Lúthersson, að þá er slysið varð, hefði það staðið vestanvert í dyrunum og haldið þeim opnum, en ákærði staðið að austanverðu. Hjónin voru bæði á tröppupallinum, konan að vestanverðu, austanvert við vitnið, en ekki gat það fullyrt, hvort þau hefðu haldið í hurðina. Sagði vitnið, að ákærði hefði stjakað manningnum frá dyrunum með því að ýta á hann með handarbaki hægri handar, en þar sem maðurinn var mjög drukkinn, hélt hann ekki jafnvægi og greip í konu sína, um leið og hann féll aftur á bak og konan ofan á hann. Sagði maðurinn þá strax, að hann væri farinn úr liði, en neitaði þó hjálp vitnisins, enda taldi vitnið, að hann hefði staðið í þeirri meiningu, að honum hefði verið hrint af vitninu. Þrátt fyrir það kvaðst vitnið ásamt öðrum manni hafa hjálpað honum á fætur. Eftir það hoppaði maðurinn upp á tröppupallinn og ítrekaði fyrirætlun sína um að komast inn í húsið. Nokkrum mínútum síðar kom lögreglan, og hugði vitnið, að þá hefði verið liðinn um stundarfjórðungur, frá því að hún var kvödd á staðinn. Vitnið staðhæfði, að ekkert annað fólk hefði staðið á tröppupallinum eða í tröppunum, þá er slysið varð, og taldi sennilegt, að gestir hefðu þá verið nýfarnir inn í húsið og aðrir að koma aðvífandi.

Hjón þau, sem fóru með þeim kæranda og konu hans að veitingastaðnum, báru vætti í málinu. Sögðu þau, að öll fjögur hefðu þau neytt áfengis í síðdegisboði þenna sama dag, en þar kynntust þau. Kom hjónunum mjög á óvart, að kæranda og konu hans skyldi vera meinuð innganga, ástand þeirra ekki gefið tilefni til slíks, en kærandi hefði misstigið sig í tröppunum, og væri orsakar ef til vill þar að leita. Bar konan, að á meðan eiginmaður hennar var inni í veitingastaðnum, hefðu kærandi og kona hans reynt að komast inn og lent í einhverju þrefi út af því, þó ekki neinum átökum, en þau hjónin virtust mjög sár og leið yfir þessu, einkum þar eð þau hefðu mælt sér þarna mót við fólk. Kærandi og kona hans vildu reyna frekar að komast inn, en hin hjónin sögðust brátt hafa horfið á brott.

Vitnið Hannes Heiðar Jónsson, Lágafelli, Mosfellshreppi, hugðist neyta kvöldverðar með kæranda og konu hans á veitingastaðnum greint sinn. Fór vitnið, sem ekki var undir áhrifum áfengis, niður í anddyrið að líta eftir þeim. Varð vitnið þar vart við þau, og var kærandi þá að tala við ákærða um, að honum fyndist hart að fá ekki að fara inn, þar sem hann ætti frátekið matarborð. Vitnið kveðst sjálft hafa spurt ákærða, hvers

vegna kæranda væri neitað um inngöngu, og ákærði svarað eitthvað á þá leið, að kærandi væri kolvitlaus. Vitnið sagði, að allmargt fólk hefði komið að í þessu, orðalaust fengið að fara inn, og barst kærandi með því að dyrastafnum austan megin, en ákærði varnaði honum inngöngu. Eftir að fólkið var komið inn og kærandi og kona hans orðin ein eftir utan dyra, rétti ákærði, að sögn vitnisins, hægri hönd út um dyrnar, ýtti á brjóst kæranda og hratt honum, hélt sjálfur á meðan í hurðina með vinstri hendi, en ekki hélt kærandi í hurðina. Kvað vitnið kæranda hafa fallið aftur fyrir sig við þetta niður tröppurnar og tekið konu sína, sem stóð skáhallt aftan við hann, með sér í fallinu. Stóðu þau síðan bæði upp, og sá vitnið þá, að kærandi steig ekki nema í annan fótinn. Fór vitnið upp og sagði samferðafólki sínu, hversu komið var, og er þau komu niður, stóð kærandi á öðrum fæti við dyrnar og átti í pexi við ákærða. Kom lögreglan í þeim svifum, og fylgdi kærandi henni mótþróaust, en vitnið kvaðst ekki hafa veitt því athygli, hvort ákærði legði hönd að handtöku kæranda. Vitninu virtist kærandi ekki mikið undir áhrifum áfengis, kona hans öllu meir.

Vitnið Hrefna Magnúsdóttir, eiginkona vitnisins Hannesar Heiðars, kvaðst hafa pantað 10 manna borð á veitingastaðnum, og hefði kærandi og kona hans ætlað að borða þarna. Eftir að eiginmaður vitnisins kom upp, fór vitnið niður, og stóð kærandi þá austanvert við dyrnar á öðrum fæti og kona hans rétt hjá honum. Vildi kærandi fá að koma inn og bíða þar, þar sem hann væri meiddur, en ákærði neitaði að hleypa honum inn. Kvað vitnið kæranda þá hafa reynt að komast inn af eigin rammleik, en ákærði tók í handlegg hans og hélt honum frá sér, en ekki gat vitnið séð, hvort hann sneri upp á handlegginn. Í þessu komu lögreglumenn og tóku kæranda. Vitnið sagði, að ákærði hefði þá farið út fyrir, og taldi, að hann hefði eitthvað lagt hönd að handtökunni. Á meðan beðið var eftir lögreglu, kvað vitnið, að Niels Unnar hefði sagt við ákærða eitthvað á þá leið, hvort hann vildi ekki snúa betur upp á handlegg kæranda. Eftir að lögreglan kom, sagði vitnið, að ákærði hefði tekið vitnið Niels Unnar, látið hann út fyrir og spurt lögreglumennina, hvort þeir vildu ekki einnig hirða vitni þetta. Er vitnið þaðst skýringa á þessu, svaraði ákærði, að hann vildi ekki hafa menn inni, sem væru rövlandi.

Vitnið Niels Unnar Hauksson, Helgafelli, Mosfellshreppi, var

í hópi þeirra, sem hugðust snæða kvöldverð með kæranda og konu hans, og kvaðst vitni þetta hafa þekkt kæranda lítils háttar. Fór vitnið niður í anddyrið, og stóð kærandi þá utan dyra á öðrum fæti.

Ekki virtist vitninu hann vera mikið undir áhrifum áfengis, en mjög var hann reiður. Lögreglan kom örskömmu síðar, og gengu tveir lögreglumenn að kæranda og ætluðu að leiða hann brott. Vitnið kvað kæranda engan mótþróa hafa sýnt, en þrátt fyrir það hefði ákærði tekið aðra hönd hans aftur fyrir bak og hjálpað lögregluþjónunum af stað með hann, sem vitninu virtist þó alger óþarfi. Kvaðst vitnið þá hafa sagt við ákærða: „Ætla- arðu ekki að snúa betur upp á höndina á honum,“ eða eitthvað á þann veg. Gekk ákærði þá að vitninu, þeytti því út fyrir dyrnar og hafði á orði, að vitnið væri drukkið, en það kvað vitnið rangt, þar sem það hefði ekki bragðað vín þenna dag. Er vitnið innti ákærða eftir nánari skýringum, fengust þær engar, en ákærði bað lögreglumennina að fjarlægja vitnið. Kvaðst vitnið hafa fylgt með lögreglu á Slysavarðstofu, en þangað var farið með kæranda.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Hauks Kristjánssonar, yfirlæknis Slysavarðstofunnar. Er vottorðið dagsett hinn 14. desember 1963 og hljóðar þannig:

„Þann 12/10 1963, kl. 21, kom Ásgeir Jónsson, f. 24/12 1914, til heimilis Hólmgarði 40, í Slysavarðstofu Reykjavíkur.

Hann sagði, að sér hefði verið fleygt niður tröppur í Klúbbnum af dyraverði þar, og kvartaði hann um sára verki í vinstri ökla. Maðurinn virtist undir áhrifum áfengis, en var þó samvinnuþýður. Við skoðun sást mikil aflögun um vinstri ökla, og virtist hælbein skaga mikið aftur á við, en neðri endar fótleggjarbeins voru gengnir fram á við og inn á við.

Rgt.myndir sýndu brot um ökla með liðhlaupi. Var gormlaga brotlína í öklabeini utanfótar rétt ofan við liðinn með nokkurri gliðnun, séð framan frá, en á hliðarmynd nam hún a.m.k. einum cm.

Þá sást, að bilið milli öklabeins innanfótar og vólubeins var mikið aukið og benti á, að liðbönd þar væru rofin að einhverju leyti.

Allstór flaski var brotinn úr afturkanti tibia, og vólubein var mikið gengið aftur á við. Mikil bólga var um öklann og blæðing inn í liðinn. Brotið og liðhlaupið voru sett í staðdeyfingu,

og fékkst góð staða. Gips var sett á fótinn og maðurinn lagður inn í Slysavarðstofuna. Tveim dögum síðar var honum leyft að fara heim til sín, og var líðan hans þá orðin sæmileg, en hafði verið slæm fyrsta daginn.

Hann kom öðru hvoru til eftirlits í Slysavarðstofuna og leið fremur vel.

Þann 8/11 fékk hann göngugips á fótinn og mátti fara að ganga daginn eftir. Talsverður þjúgur sótti á fótinn.

Hinn 9/12 var svo gips endanlega tekið, og sýndu rgt-myndir nú góða stöðu á brotstöðum, og liðbil sýndist eðlilega vitt. Hreyfingar voru mjög stíðar og talsvert sárar, sem við mátti búast, og húð veik (atrofisk). Elastoplast var sett á fótinn og mannum leyft að ganga með varúð. Ennþá mun líða langur tími, þar til Ágeir verður vinnufær, og tel ég litlar líkur fyrir fullum bata, þar eð hér var um sérlega illkynja brot að ræða, ekki sízt þar sem liðbönd hljóta að hafa skaddazt verulega.“

Á dómþingi hinn 29. júní 1964 fullyrti kærandi, að hann væri þá enn eigi jafngóður af meiðslum sínum. Kvaðst hann hafa verið alveg frá vinnu fram í febrúar, þá unnið hálfan daginn í um vikutíma og eftir það starfað fullan vinnudag.

Samkvæmt teikningu, sem Ragnar Vignir, yfirmaður tækni-deildar rannsóknarlögreglunnar, hefur gert, er breidd hins steinsteyppta dyrapalls 120 cm og breidd hvorrar tröppu 28 cm, en hæðin frá dyrapalli og niður á steyptu hellurnar 37 cm.

Með eigin framburði ákærða, sem er í samræmi við vætti vitna og önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem lýst er í ákæruskjali. Með hliðsjón af öllum málsatvikum sem og því, að ákærði hefur ekki áður orðið sekur um hegningarlaga brot, þykir mega ákveða, að ákvörðun um refsingu ákærða skuli fresta og hún niður falla, að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 2.000.00, og málsvarnarlaun Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða, kr. 2.000.00.

Lögreglurannsókn málsins annaðist Njórður Snæhólm varðstjóri, en dómsrannsókn fulltrúarnir Jón A. Ólafsson og Gunnar Sæmundsson.

Dómsorð:

Fresta skal ákvörðun um refsingu ákærða, Magnúsar Einarssonar, og fellur refsíákvörðun niður, að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, samanber 4. gr. laga 22/1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 2.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 6. desember 1965.

Nr. 204/1964. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Matthíasi Friðþjófssyni

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáram Hæstaréttar.

Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið teknar fyrir dómi skýrslur af vitnunum Ingimundi Björnssyni, Þorbjörgu Guðbrandsdóttur og Sigurði Helga Pálssyni.

Vitnið Ingimundur Björnsson kveðst aðfaranótt 26. júlí 1964 hafa verið staddur í bil sínum við Ásveg á Raufarhöfn ásamt unnustu sinni, Þorbjörgu Guðbrandsdóttur, Eiríki Guðmundssyni og Nínu Gautadóttur. Kom ákærði þá í bil sínum, nam staðar við hlið á bil vitnisins, kallaði út um glugga bilsins til Nínu Gautadóttur og bað hana að tala við sig. Fór Nína þá úr bil vitnisins og yfir í bil ákærða. Kveðst vitnið ekkert hafa talað við ákærða að þessu sinni og hvorki fyrr né síðar þessa nótt. Kveður vitnið sér hafa